

Gátlisti vegna umsóknar um tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki

- **Umsóknareyðublað um tímabundið atvinnuleyfi**
 - Upplýsingar um umsækjanda og atvinnurekanda (reitur I-III)

Fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir um báða aðila, þ.á.m. heimilisfang útlendinga, bæði hér á landi og í heimalandi. Tilgreina verður einnig netfang beggja umsóknaraðila.

Á umsókn skal taka fram fyrirhugaðan ráðningartíma og hvort að leitað hafi verið til svæðismiðlunar Vinnuálastofnunar vegna starfsins (reitur II). Hér er ekki átt við aðrar ráðningaráþjónustur.

Koma skulu fram upplýsingar um menntun og starfssögu útlending (reitur III).
 - Umsögn viðeigandi stéttarfélags (reitur IV. á umsókn).

Skylt er að afla umsagnar stéttarfélags vegna umsagnar um tímabundið atvinnuleyfi. Almennt er mælt til þess að slíkrar umsagnar sé aflað áður en að umsókn og fylgigögnum er skilað inn til Útlendingastofnunar. Heimilt er að skila umsögn á öðru formi eða á aðskildu fylgiskjali. Fylgi umsögn ekki umsókn leiðir það til frestunar á úrvinnslu máls. Vinnuálastofnun sér um að afla umsagna frá Eflingu stéttarfélagi þegar það stéttarfélag á í hlut.
 - Mikilvægt er að bæði atvinnurekandi og útlendingur skrifi undir umsóknina.
- **Ráðningasamningur milli atvinnurekanda og útlendinga vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar**
 - Ráðningarsamningur skal fylgja umsókn um atvinnuleyfi, en ekki er hægt að vinna úr leyfinu nema að slíkur samningur fylgi umsókn.
 - Ráðningarsamningur skal vera undirritaður af báðum aðilum.
 - Tilgreina þarf lífeyrissjóð sem greiða á í vegna útlendinga.
 - Upplýsingar um vinnufyrirkomulag, launakjör og önnur hlunnindi.
 - Koma skal fram á samningi hvort að um sé að ræða fullt starf eða hlutastarf og þá hvert hlutfallið er.
 - Tilgreina skal upplýsingar um annað hvort mánaðarlaun útlendinga eða tímakaup hans.
 - Ef útlendingur fær greitt tímakaup þarf að tilgreina launatölur fyrir dagvinnu og yfirvinnu og vaktaálög (33% og 45%) ef við á.
 - Einnig má vísa til launaþreps í viðeigandi kjarasamning, séu laun útlendinga greidd í samræmi við slíkan samning.
 - Ekki telst fullnægjandi að haka við að „laun séu greidd samkvæmt kjarasamningi“ en tilgreina hvorki nákvæmt launaþrep eða launatölur.
 - Njóti útlendingur annarra hlunninda, t.d. í formi fæðis, upphalds eða húsnæðis, skal taka það fram á ráðningarsamningi eða á fylgiskjali með umsókn.

Fylgiskjöl:

- Ítarleg lýsing þess starfs sem fyrirhugað er að útlendingur gegni hjá atvinnurekanda og röksemdir fyrir veitingu leyfis.

Koma þurfa fram upplýsingar um í hverju starf felst – umfang þess og eðli auk þess sem að atvinnurekanda er heimilt að skila inn rökstuðningi fyrirtækisins fyrir því að af hverju stofnunin ætti að veita umbedið leyfi ef starfsmenn finnast ekki til að gegna því innanlands eða innan evrópska efnahagssvæðisins. Einnig getur atvinnurekandi komið á framfæri rökum fyrir nauðsyn ráðningar útlendinga og af hvaða ástæðum það telst þýðingarmikið fyrir rekstur atvinnurekanda.

□ **Afrit af gildu starfsleyfi**

Iðngreinar: Í þeim tilvikum þegar starf sem sótt er um tímabundið atvinnuleyfi vegna telst til lögverndaðrar starfgreinar þá þarf að afla staðfestingar á starfsleyfi viðkomandi útlendinga til að gegna starfinu. Skv. reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, mega þeir einir starfa við slík störf á Íslandi sem hafa til þess starfsleyfi, sbr. 2. gr. iðnaðarlaga. Liggi slík staðfesting fyrir þarf hún að berast Vinnuálagstofnun ellegar þarf að afla slíkrar staðfestingar. Frekari upplýsingar um öflun viðurkenningar á starfsréttindum og útgáfu á starfsleyfi er hægt að afla hjá [Menntamálastofnun](#), [Iðan](#) fræðslusetri eða [Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins](#).

Heilbrigðisstéttir: Í þeim tilvikum þegar starf sem sótt er um tímabundið atvinnuleyfi vegna telst til löggiltar heilbrigðisstéttar þá þarf að afla staðfestingar á starfsleyfi viðkomandi útlendinga til að gegna starfinu. Samkvæmt lögum um heilbrigðistarfsmenn nr. 34/2012 mega þeir einir starfa við slík störf á Íslandi sem hafa hlotið til þess leyfi landlæknis, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Liggi slík staðfesting fyrir þarf hún að berast Vinnuálagstofnun ellegar þarf að afla slíkrar staðfestingar. Frekari upplýsingar um öflun viðurkenningar á starfsréttindum og útgáfu á leyfa er hægt að nálgast afla hjá [Embætti landlæknis](#).

Aðrar löggildar starfsgreinar: Ekki er hægt að gefa tæmandi upplýsingar um allar starfsstéttir sem teljast vera löggildar hér á landi eða hvar skal afla starfsleyfa vegna þeirra.

□ **Upplýsingar um tilraunir atvinnurekanda til að ráða einstakling sem þegar hefur ótakmarkaðan rétt til að starfa hér á landi**

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 7. gr. laganna skal atvinnurekandi leita aðstoðar Vinnuálagstofnunar við að finna starfsfólk sem þegar hefur ótakmarkaðan rétt til að starfa hér á landi áður en fyrirtækið leitar að starfsfólki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef að atvinnurekandi hefur ekki leitað til EURES-vinnumiðlunar Vinnuálagstofnunar þá getur stofnunin óskað þess að atvinnurekandi auglýsi viðkomandi starf. Atvinnurekandi getur auglýst starf á Mínum síðum atvinnurekenda á [vef stofnunarinnar](#). Við vinnslu atvinnuleyfa getur leyfalfulltrúi haft samráð við vinnumiðlun stofnunarinnar um framboð starfsfólks til að gegna sambærilegum störfum til að meta þörf á hvort auglýsa þurfi starf eða hvort það sé bersýnilega óþarfi með tilliti til atvinnuástands eða þess starfs sem um ræðir.

Hafa þarf í huga að auglýsing sem birt er hjá vinnumiðlun stofnunarinnar í tengslum við umsókn um atvinnuleyfi þarf að vera í birtingu í a.m.k. þrjár vikur svo taka megí mið af útkomu auglýsingar við mat á framboði vinnuafls. Þá þarf að gæta að því að framsetning og orðalag auglýsingar má ekki vera útilokandi eða óraunhæf hvað varðar almennar kröfur til þess sem gegnir hinu auglýsta starfi.